



367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Ársskýrsla 2014

Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga stendur á ákveðnum tímamótum þar sem fjöldi nemenda á upptökusvæði skólans sem ljúka grunnskóla næstu árin er minni en verið hefur. Sem dæmi þá luku um 75 nemendur grunnskóla vorið 2014 en áætlanir gera ráð fyrir 58 vorið 2015. Af þessum fjölda hafa um og innan við 75% sótt um skólavist í FSN og fengið inni. Haustið 2014 var innritað á nýjar brautir þar sem meðal námstími til stúdentsprófs er 7 annir í stað 8. Rekstrarárin 2013 og 2014 var skólinn á svokölluðu nemendagólfi þ.e. að fjárveitingar skerðast ekki þó svo að skólinn nái ekki að framleiða 185 ársnema. Bæði þessi ár náði skólinn hins vegar þessu lágmarki og því reyndi ekki á gólfið. Ástæðan fyrir því að þetta tókst er að nemendum sem stunduðu dreif- og fjarnám fjölgaði og á árinu 2014 voru þeir um 30% af nemendahópi FSN. Samkvæmt fjárlögum 2015 er skólanum ætlað að framleiða 151 ársnema sem er fækkun upp á 18,4% á milli ára.

Nemendur

Upptökusvæði FSN er norðanvert Snæfellsnes og sunnanverðir Vestfirðir. Skólinn starfrækir framhaldsdeild á Patreksfirði auk þess bíður skólinn upp á dreifnám óháð búsetu. Dreifnám FSN er ólíkt fjarnámi að því leiti að nemendum býðst að mæta í skólann og sitja tíma í viðkomandi áfanga. Nýtingarhlutfall árið 2014 var 62%. Brottfall var um 4,5% á árinu. Við talningu ársnema hefur verið miðað við nemendafjölda í skóla í lok 12 kennsluviku hvorrar annar og að einkunn í Innu sé 2 eða hærrí við annarlök. Þessi aðferð hefur verið notuð með samþykki ráðuneytisins en lokapróf eru fá þar sem námsmatið byggir á leiðsagnarmati þar sem vinna nemenda er metin nánast frá viku til viku.

Skipting nemenda eftir búsetu

Búseta	Dagskóli vor 2014	Dagskóli haust 2014
Grundarfjörður	38	38
Stykkishólmur	30	35
Snæfellsbær	50	54
Vesturbyggð	20	18
Tálknafjörður	8	14
Samtals	146	159

Búseta	Dreifnemendur vor 2014	Dreifnemendur haust 2014
Grundarfjörður	9	10
Stykkishólmur	12	6
Snæfellsbær	5	8
Vesturbyggð	7	7
Tálknafjörður	2	1
Höfuðborgsv.	12	22
Akranes/Borganes	10	11
Annað	0	8
	57	73

Vorönn 2014

Vinnslustaða	Samtals
Í námi	154
Dreifnám	59
Samtals	213

Haustönn 2014

Vinnslustaða	Kk	Kvk	Samtals
Í námi	84	75	156
Dreifnám	26	47	73
Grunnskólanemi	4	6	10
Samtals	114	128	239

Nám

Fjöldi nemenda eftir brautum

Vorönn 2014

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn braut	AB	91
Félagsfræðibraut	FÉ	61
Málabraut	MB	2
Náttúrufræðibraut	NÁ	68
Starfsbraut	ST1	5
Umhverfis- og auðlindabraut	UMAU	3
Samtals		213

Haustönn 2014

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn braut	AB	75
Félagsfræðibraut	FÉ	81
Félags- og hugvísindabraut	FH	3
Listnámsbraut	LN	3
Náttúrufræðibraut	NÁ	71
Starfsbraut	ST1	6
Samtals		239

Haustið 2014 voru allir nýnemar innritaðir á brautir er byggja á námskrá frá 2011. Leyfi fékkst til tilraunakennslu á þessum brautum skólaárið 2014 – 2015 en sótt verður um staðfestingu á brautunum í febrúar 2015. Helsta breyting er fram kemur í námskránni frá 2011 frá fyrri námskrá er að dregið er úr miðstýringu og skólunum gefið tækifæri til þess að setja saman nám eftir þeim leikreglum er þar eru. Námið byggir á hugsun um hæfni og hver áfangi er flokkaður á svokallað hæfniprep, auk þess sem grunnþættir menntunar skulu vera augljósir í skólastarfinu. Grunnþættir menntunar eru: Heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sköpun og sjálfbærni. Allar stúdentsprófsbrautirnar verða með sama kjarna um 100 einingar af 200 eininga námi sem skilgreint er sem nám á þriðja þrepi.

Framhaldsskólabraut sem er nám á hæfniprepi 1 er hluti af námsframboðinu og áfram verður nám á starfsbraut í boði.

Nú er hafið tveggja til þriggja ára tímabil þar sem nemendur skólans geta verið að stunda nám eftir ólíkum námskrám. Á vorönn 2015 þarf skólinn að leggja enn betur niður fyrir sér hvernig hann sér þetta gerast.

Námsframboð samstarfsskólanna sem kalla sig Fjarmenttaskólann stendur nemendum FSN til boða án endurgjalds. Samstarf þetta hefur haldist óbreytt um nokkurt skeið en von okkar er að það eigi eftir að þróast og fjarnámið verði framkvæmt á fjölbreyttari máta en verið hefur.

Kennsla og stjórnun

Skólameistari í fullu starfi, aðstoðarskólameistari í 75%, námsráðgjafi í 50%, fjármála- og skrifstofustjóri í fullu starfi, ritari í 50% og tveir deildarstjórar í fullu starfi hvor. Kerfisfræðingur í 25% starfi, þrír ræstitæknar í samtals 1,28 starfshlutfalli, einn þroskaþjálfari í fullu starfi, þrír stuðningsfulltrúar í fullu starfi, húsvörður í fullu starfi og síðast en ekki síst þá eru 18 kennarar í samtals 13 stöðugildum. Allir kennarar skólans fyrir utan fjóra hafa leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla, fjórtán eru með BA, BS eða Bed gráðu og 3 með meistaraþráðu.

Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum, nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi og innleiðingu leiðsagnarmats. Skólinn hefur sett sér það markmið að veita nemendum enn betri þjónustu með því að nýta enn frekar þá möguleika sem spjaldtölvan býður upp á. Þetta ætti ekki síst að nýtast dreifnemendum skólans en inn á þann markað þurfum við að sækja enn frekar.

Mat

Unnið hefur verið eftir sjálfsmatsáætlun skólans http://fsn.is/?page_id=736 . Sérstök sjálfsmatsskýrsla er unnin á hverju ári http://fsn.is/?page_id=739 . Í skýrslunni er m.a. gerður samanburður á viðhorfskönnunum en þar segir:

„Þeir nemendur sem svara viðhorfskönnunum okkar í FSN hafa sjaldan verið jákvæðari í garð skólans. Sama hvort er spurt út í matinn í mötuneytinu, áhuga nemenda á náminu, fyrirkomulag námsmats eða gæði kennslunnar. Á skólaárinu 2013-2014 virðast ekki vera vísbendingar um brotalamir sem stundum hafa verið staðfestar með þessum könnunum og er það vel. Meðal annars eru rúmlega 90% nemenda sem segjast vera ánægð eða mjög ánægð með kennsluna í FSN“.

Fjármál, rekstur

Samkvæmt drögum að ársreikningi 2014 þá stefnir í hagnað um 6 m.kr eftir að fjárukalög 2014 hækkaði framlagið til skólans um 3 m.kr. Uppgjör vegna starfsbrauta hefur ekki farið fram í ráðuneyti mennta- og menningarmála þannig að við vitum ekki um niðurstöðuna hér hjá okkur en gerum ráð fyrir að vera tekin niður um 1,0 m.kr vegna nemendasamsetningar sem er önnur á haustönn en var á vorönn. Ef þessar áætlanir ganga eftir þá stefnir í að höfuðstóll í árslok 2014 verði jákvæður nánast í fyrsta skipti frá stofnun skólans en samkvæmt ársreikningi 2013 var höfuðstóll neikvæður um 4.121.590 kr.

Samstarf við aðra

Formlegt samstarf er á milli skólanna sem vinna saman undir merkjum [Fjarmenntaskólans](#). Samstarfið felur m.a. í sér að bjóða nemendum þessara skóla nám á styttri starfsnámsbrautum sem ekki eru kenndar hjá heimaskóla nemandans, bjóða nemendum fjarnám í einstökum áföngum sem ekki eru í boði í heimaskólanum en áfangastjóri sækir um fyrir nemandann. Skólameistarar þessara skóla hafa haldið einn til tvo símafundi á mánuði allt síðasta ár þar sem við erum að bera saman bækur okkar.

Þar sem FSN sér fram á fækkun ársnema þá verður óhjákvæmilega minna kennslumagn við skólann sem eykur líkur á að hlutastörfum fjölgi við skólann og þá gæti orðið enn erfiðara að ná fagmenntuðum kennurum til skólans. Undan farin tvö ár hefur lítið gengið að fá raungreinakennara með réttindi framhaldsskólakennara að skólanum. Tilraunir til þess að samnýta kennara á milli skóla hafa enn ekki borið árangur en FSN í samstarfi við Fjarmenntaskólann fékk styrk úr Sprotasjóði 2014 til þess að þróa kennsluhætti fjarnáms undir fyrirsögninni fjölbreytt námsframboð og það er von okkar að sú vinna eigi eftir að skila í það minnsta niðurstöðu um vilja til slíks samstarfs.

Lokaorð

Í skólanum ríkir góður andi og kennarahópurinn er einhuga um að mæta nemendum af virðingu og leggja sitt af mörkum til þess að þeir taki framförum og nái settu marki. Framhaldsdeild skólans á Patreksfirði hefur verið að stækka og á haustönn 2014 voru þar skráðir til náms 37 nemendur. Það er okkar sýn að þetta fyrirkomulag með öllum þeim viðbótarkostnaði sem er settur í verkefnið hafi skilað því að fleiri og fleiri líta á þetta sem alvöru námsframboð og af því erum við afar stolt. Það að taka upp nýjar brautir er stórmál og ekki síst ef vinnan við brauta- og áfangalýsingar er í hönum kennara sjálfra. Þetta verkefni er búið að vera á dagskrá allt frá hausti 2009 þar sem mislöng hlé hafa verið gerð á vinnunni þar sem skipst hafa á með- og mótvindar. Haustið 2013 næst upp sú stemming að skólinn einsetti sér að ljúka þessu verki og sækja um tilraunleyfi á vorönn 2014 sem gekk eftir. Undirritaður vill koma sérstöku þakklæti til kennara fyrir þeirra þátt í þessari vinnu en í dag stefnir allt í að skólinn sækji um staðfestingu námsbrauta í febrúar 2015.

Grundarfirði 9. febrúar 2015

Jón Eggert Bragason
Skólameistari